



Atvinnuveganefnd

Sent í umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 6. maí 2024

Efni: Frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna eftirlits og leyfisveitinga Orkustofnunar (þjónustugjöld), mál 898

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubrúfs atvinnuveganefndar Alþingis frá 22. apríl 2024 þar sem umsagnar samtakanna er óskað um ofangreint mál. Samtökin tóku einnig saman umsögn um drög að frumvarpinu, mál S-21/2024. Með frumvarpinu er mælt fyrir um heimildir Orkustofnunar til að innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá vegna við vinnu við leyfisumsóknir vegna auðlindanýtingar, útgáfu leyfa og eftirlits með þeim.

Líkt og nánar er rakið í umsögn Samtaka iðnaðarins (SI) um áform um lagasetningu um þjónustugjöld Orkustofnunar, dags. 18. október 2023, sem og umsögn SI um frumvarpið dags. 6. maí 2024 verður heimild til töku þjónustugjalds almennt aðeins nýtt í því skyni að hið innheimta gjald svari til hinnar veittu þjónustu. Álagning þjónustugjalda verður að byggjast á viðhlítandi lagaheimild í samræmi við lögmætisreglu stjórnisýsluréttar. Þá verða stjórnvaldsfyrirmæli um gjaldtökuna að samrýmast þeirri löggjöf sem hún byggist á. Þegar fyrirkomulag slíkrar gjaldtöku er ákveðin, og afstaða er tekin til fjárhæðar gjaldsins, verður jafnframt að gæta þess að tekjurnar séu ekki hærri en svo að þær standi straum af kostnaði við þá þjónustu eða eftirlitsaðgerð sem gjaldtökuheimildin nær til. Þannig er stjórnvaldi í meginatriðum einungis heimilt að taka gjald fyrir beinan kostnað eða kostnað sem stendur í nánum, efnislegum tengslum við þá þjónustu sem gjaldið á að standa straum af kostnaði við samkvæmt gjaldtökuheimildinni. Að auki verður við útfærslu á gjaldtöku af þessu tagi að gæta þess að bein tengsl standi milli skyldu til að greiða þjónustugjald og fjárhæðar þess annars vegar og hins vegar þeirrar þjónustu sem viðkomandi stofnun veitir hverjum gjaldanda, sbr. t.a.m. dóm Hæstaréttar Íslands frá 5. nóvember 1998 í máli nr. 50/1998 og dóm Hæstaréttar Íslands frá 1. desember 2016 í máli nr. 78/2016.

Rétt er að áréttu að nauðsynlegt er að innheimta þjónustugjalda sé í senn *gagnsæ* og *fyrirsjáanleg* og byggja á traustum útreikningum. Jafnframt þarf að tryggja að leyfisveitingarferli verði ekki í kjölfar upptöku þjónustugjalda flóknara og þyngra í vöfum. Mikilvægt er að stytta afgreiðslutíma leyfisbeiðna og stuðla að því að leyfisferli séu gagnsæ, einföld og skilvirk. Tafir á afgreiðslu leyfisbeiðna geta verið afar kostnaðarsamar ekki síst þegar kemur að virkjunarleyfum. Fólksfjölgun, ný atvinnustarfsemi og orkuskipti krefjast aukinnar orkuframléiðslu og því enn mikilvægara en ella að afgreiðsla leyfisveitinga vegna virkjana tefjist ekki. Því ber nauðsyn að tryggja að upptaka þjónustugjalda leiði til skilvirkari stjórnisýslu til samræmis við markmið laganna. Að öðru leyti taka samtökin undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn SI.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins